

Aðalfundur Regins hf. verður haldinn 12. mars 2024

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar félagsins í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Rímu fundarsal, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, þriðjudaginn 12. mars 2024, kl. 16:00.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillaga stjórnar um kaupréttarkerfi og heimild til hækkunar hlutfjár.
6. Ákvörðun um heimild til stjórnar um kaup á eigin bréfum í samræmi við tillögu stjórnar þar að lútandi.
7. Tillögur til breytinga á samþykktum.
8. Kosning félagsstjórnar.
9. Kosning endurskoðanda.
10. Tilnefning nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.
11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
12. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.
13. Önnur mál.

Hægt verður að sækja fundinn á fyrrgreindum fundarstað og með rafrænum hætti. Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, eru beðnir um að skrá sig á skráningarsíðu fundarins: <https://www.lumiconnect.com/meeting/reginn2024agm> eigi síðar en klukkan 16:00 þann 8. mars 2024 eða fjórum dögum fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram með rafrænum hætti í gegnum Lumi AGM. Hluthafar eru hvattir til þess að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt er hægt að greiða atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinum og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til 18. gr. samþykktu félagsins sem finna má á heimasíðu þess, www.reginn.is/fjarfestavefur/.

Tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar og önnur framkomin framboð má finna á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur. Sérstök athygli er vakin á því að samkvæmt samþykktum félagsins ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst sjö sólarhringum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16:00 þriðjudaginn 5. mars 2024. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogi eða á netfangið tilnefningarnefnd@reginn.is. Tilnefningarnefnd getur breytt tillögu sinni þar til fimm dagar eru til aðalfundar. Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Þar sem kjör tilnefningarnefndar til næstu tveggja ára er á dagskrá fundarins er óskað eftir framboðum í tilnefningarnefnd sem skal skipuð að minnsta kosti þremur nefndarmönnum sem skulu hafa nauðsynlega þekkingu og reynslu miðað við störf nefndarinnar. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess samkvæmt sömu reglum og gilda um óhæði stjórnarmanna, sbr. lið 2.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá skal að minnsta kosti einn nefndarmaður vera óháður stórum hluthöfum félagsins, þ.e. þeim sem ráða 10% eða meira af heildarhlutafé eða atkvæðamagni í félaginu, einir eða í samstarfi við aðra sbr. lið 2.3 í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland. Við framangreint mat er litið heildstætt til beinna og óbeinna tengsla nefndarmanna. Framboðseyðublað og nánari upplýsingar um starfsemi tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu félagsins www.reginn.is/fjarfestavefur.

Gögn vegna fundarins verða aðgengileg á skrifstofu félagsins og á vefsvæði tengdu aðalfundi á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestavefur, en endanleg dagskrá og tillögur verða aðgengilegar a.m.k. tveimur vikum fyrir aðalfund, sbr. 18. gr. samþykktu félagsins.

Aðalfundur félagsins verður án pappírsgagna.

Kópavogi, 19. febrúar 2024.

Stjórn Regins hf.

Reginn hf. / 512 8900 / reginn@reginn.is / www.reginn.is